STJÓRNARTÍÐINDI B 130 – 2002

28. nóvember 2002 2021 Nr. 829

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 622/2001 um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja.

5. ml. í tl. 1.15 orðist svo:
Skráin sé til sýnis á birgjavef ÁTVR.

1. ml. í tl. 1.16 orðist svo:
Fjórum mánuðum áður en reynslusala á að hefjast kynnir ÁTVR á birgjavef sínum öllum þeim, sem leyfi hafa til að selja ÁTVR áfengi, þá vöru sem hefja á reynslusölu á og óskar verðboðs í vöruna.

Á eftir 3. ml. í tl. 1.19 - kemur nýr málsliður - svohljóðandi:
Sölutíminn „jólamánuður“ hefst þriðja fimmtudag í nóvember og lýkur 6. janúar.

1. ml. í tl. 1.25 orðist svo:
Vara fer úr vörslu ÁTVR hafi hún ekki selst fyrir a.m.k. 100 þús. kr. á hverju 12 mánaða tímabili.

3. ml. í tl. 1.26 orðist svo:
Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.

1. ml. í tl. 4.11 orðist svo:
Að minnsta kosti skal velja söluhæstu tegundina af öðru áfengi en bjór.

Gildistaka.
Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.
Vegna hækkunar á gjaldi af áfengi, sem fellur undir 3. tl. 3. gr. laga nr. 96/1995, er birgjum heimilt að breyta verði á því áfengi til og með 3. desember 2002. ÁTVR breytir verði í verslunum 2., 3. og 4. desember eftir því sem ný verð berast.

Við gildistöku þessara reglna fellur skráning á biðlista til reynslusölu skv. reglum nr. 622/2001 úr gildi. Heimilt er að skrá vöru, sem var á biðlistanum fyrir gildistöku þessara reglna, að nýju. Við endurskráningu skal vara halda þeirri röð, sem hún var í á biðlistanum, eftir því sem við á.

B 136
Gutenberg

Endurskráningu skal lokið 31. desember 2002.

Reykjavík, 27. nóvember 2002.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins,

Sigurður M. Magnússon. *Anna Margrét Jóhannesdóttir.* *Þórhallur Jósepsson.*

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 28. nóvember 2002.

F. h. r.
Maríanna Jónasdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

Nr. 830 28. nóvember 2002

REGLUGERÐ
um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Allar veiðar á íslenskri sumargotssíld með vörpu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

Heimilt er að veita skipum sem aflamark hafa í síld leyfi til síldveiða með vörpu innan tímabilsins 1. september til 31. maí á hverju fiskveiðiári en ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til síldveiða með vörpu sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

2. gr.

Eingöngu er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu samkvæmt 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með þeim takmörkunum sem síldveiðum eru settar í sérstökum reglugerðum eða skyndilokunum.

3. gr.

Við færslu afladagbókar skal tilgreind dagsetning, nákvæm staðsetning veiðisvæðis, afli og dýpi í hverju togi. Enn fremur skal allur aukaafli skráður nákvæmlega.

4. gr.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til síldveiða með vörpu vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum leyfisbréfa til síldveiða með vörpu og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til síldveiða með vörpu.

5. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála. Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 718, 11. október 2000, um síldveiðar með vörpu.